

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið **100**
og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí **17. júlí**
1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7 frá 6. jan. 1948 fyrir
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

101

18. júlí

um breyting á erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn, nr. 141 13. marz 1950.

11. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Fiskimatsmenn þeir, sem 10. gr. fjallar um, fá ákveðið kaup um hverja klukku-
stund fyrir vinnu sína. Sé það miðað við almennt verkkaup, sem um er samið milli
atvinnurekenda og verkamanna í þeim bæ eða héraði, sem fiskimatmaður er bú-
settur í, eða það kaup, sem kann að verða lögboðið, að viðbætti 50% uppbót á hin
almennu vinnulaun á hverjum tíma. Þetta kaup fá þeir fyrir alla vinnu við fiskmat,
hvort sem það er fyrir flokkun fisksins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu
eða annað.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

102

20. júlí

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Skagafirði.

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Skagafjarðarhéraði
(sveitum né kaupstöðum), nema að fengnu leyfi sýslumanns Skagafjarðarsýslu eða
bæjarfógeta Sauðárkróks. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á
skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi
til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka
löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði.
En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Holts-, Haganes- og Fellshreppar.
2. Hofss-, Hofsóss-, Hóla-, Viðvíkur- og Akra-hreppar.
3. Lýtingsstaða-, Seylu-, Staðar-, Rípur-, Skarðs- og Skefilsstaðahreppar.
4. Sauðárkrókskaupstaður.